

Nd.

396. Frumvarp til laga

[196. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarfjarðarkaupstað land jarðarinnar Áss í Hafnarfirði.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Geir Gunnarsson, Jón Skaftason,
Birgir Finnsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hafnarfjarðarkaupstað land jarðarinnar Áss í Hafnarfirði.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

Andvirði landsins skal Hafnarfjarðarkaupstað heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Hafnarfjarðarkaupstað var gert að greiða fyrir landið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Bæjarstjórnin í Hafnarfirði hefur með bréfi, dags. 11/3 '64, sem prentað er sem fylgiskjal hér á eftir, óskað eftir því, að frv. til laga um heimild til handa ríkisstjórninni til sölu á jörðinni Ás í Hafnarfirði verði flutt og samþykkt á yfirstandandi þingi. Í bréfinu er gerð grein fyrir þörf kaupstaðarins fyrir kaup á landinu.

Fylgiskjal.

Bréf bæjarstjórans í Hafnarfirði.

Hafnarfirði, 11. marz 1964.

Hr. alþingismaður

Matthías Á. Mathiesen, Hafnarfirði.

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 14. jan. s. l. var samþykkt að leita eftir því við ríkissjóð, að Hafnarfjarðarbær fengi keypt land jarðarinnar Áss í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar. Stærð landsins, sem um er að ræða, mun vera um 550 ha. Jörðin Ás kom undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar með lögum nr. 31 9. maí 1959.

Með tilliti til þess, að óðum gengur á heppilegt land til bygginga í kaupstaðnum, er bænum nauðsyn á að fá land þetta keypt.

Fyrir því leyfi ég mér að fara þess á leit við yður, hr. alþingismaður, að þér beitið yður fyrir því, að frv. verði flutt nú á þessu þingi, er veiti heimild til sölu jarðarinnar til Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Mál þetta hef ég rætt við landbúnaðarráðherra Ingólf Jónsson, sem telur ekkert því til fyrirstöðu, að bærinn gæti fengið landið keypt.

Virðingarfyllst,

Hafsteinn Baldvinsson.